

Seltjarnarnesbær  
Stefán Eiríkur Stefánsson  
Austurströnd 2  
170 Seltjarnarnes

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
04. mars 2014 10.5.1	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. mars 2014  
Tilvísun: UST20140200062/bs

### Haugsetning við Bygggarðstanga á Seltjarnarnesi. Umsögn

Vísað er til bréfs Seltjarnarnesbæjar dags. 6. febrúar sl. þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar til að haugsetja efni við Bygggarðstanga á Seltjarnarnesi. Ráðgert var að haugsetja uppgröft úr húsgrunnum, bæði stórgrýti og grúsarefni. Líklegt er að haugsetning þess konar efni miðað við lýsingu í erindi Seltjarnarnesbæjar hefði kallað á leyfi Umhverfisstofnunar þar sem hér væri um að ræða varp efna í hafið.

Eftir fund Umhverfisstofnunar og fulltrúa Seltjarnarnesbæjar 20 febrúar sl. bárust nýjar upplýsingar um fyrirhugaða haugsetningu með bréfi dags. 21. febrúar. Þar kemur fram að ráðgert sé að haugsetja á umræddu svæði allt að 40.000 m<sup>3</sup> af stórgrýti sem fyrirhugað er að nýta til að sjóverja borplan sem ráðgert er að gera um 100 m frá fyrirhuguðu haugsvæði, þar sem boruð verður ný vinnsluhola fyrir Hitaveitu Seltjarnarnesbæjar. Ráðgert er að ráðast í borun holunnar að ári og í versta falli innan þriggja ára. Ef ekki verður af borun holunnar mun haugsett efni nýtast í sjóvarnir á næstu árum.

Umrætt haugsvæði er á svæði nr. 122 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: „Fjölbreyttar fjörur og strandgróður ásamt sjávartjörnum, ríkulegt fuglalíf.“ Skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem hætt er á að spillt verði náttúruminjum á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur að umrædd haugsetning muni ekki skerða verndargildi svæðis nr. 122 á náttúruminjaskrá. Umrætt svæði er einnig hluti stærra svæðis sem kallast Álftanes og Skerjafjörður sem er meðal þeirra svæða á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem lagt er til að verði friðlýst að tillögu Umhverfisstofnunar. Fyrirhuguðu haugsvæði hefur þegar verið raskað að hluta við byggingu sjóvarnar. Hér verður um tímabundna framkvæmd að ræða sem jafnframt verður afturkræf. Helstu áhrif verða vegna tímabundinna sjónrænna áhrifa sem geta orðið neikvæð ef ekki veður staðið vel að haugsetningunni.

Umhverfisstofnun vill benda á að leita ætti álits Vegagerðarinnar hvernig best verði staðið að haugsetningunni þannig að haugurinn auki ekki sjógang við Bygggarð. Bent skal á að ofangreind umsög fjallar einungis um haugsetningu stórgrýtis við Bygggarðstanga. Leita verður umsagnar Umhverfisstofnunar þegar að gerð borplans kemur. Jafnframt vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að „opin landfylling“, þ.e. nýmyndun lands, yfirleitt varin að hluta með varnargörðum og þar sem efni liggur á hafsbotni að nokkru leyti óvarið fyrir

straumum og lífríki telst vera varp í hafið í skilningi laga nr. 33/2004, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Þegar kemur að byggingu borplans gæti því þurft leyfi skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 en það færi eftir útfærslu landfyllingarinnar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða haugsetningu en bendir á að skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs þá þarf að fá starfsleyfi hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd til að nýta uppgröft. Sjá einnig reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Virðingarfyllt

Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson  
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis